

Aðgerðir til að draga úr lyfjakostnaði

Ég hef boðað til þessa blaðamannafundar til að kynna aðgerðir sem ég hyggst grípa til á komandi vikum til að standast áætlun fjárlaga yfirstandandi árs en eins og kunnugt er, er gert ráð fyrir um 450 milljón króna sparnaði í lyfjareikningi Tryggingastofnunar ríkisins.

Ráðuneytið hefur á undanförunum mánuðum kannað ýmsar leiðir til að sporna við útgjaldaaukningu vegna lyfjakostnaðar. Í byrjun ársins var t.a.m. kynnt sérstakt átak í lyfjamálum heilbrigðisstofnana sem einkum snýr að vali lyfja, innkaupum og útboðum. Þetta átak er liður í langtímaáætlun ráðuneytisins í lyfjamálum en á næstu mánuðum og misserum er ætlunin að endurmeta alla helstu þætti lyfjamála og heildarstefnu í málaflokknum, ætla ég mér t.d. að skipa nú í vor nefnd sem mun taka lyfjalögin til heildarendurskoðunar. Ríkisendurskoðun hefur að undanförunu lagt mikla vinnu í skýrslu sem er væntanleg um lyfjamál og verður sú skýrsla án efa grundvallarplagg í slíkri heildarendurskoðun málaflokksins.

En eins og ég kom inn á hér í byrjun er gert ráð fyrir 450 milljón króna sparnaði og því hefur verið ákveðið að grípa til nokkurra aðgerða til að mæta þeim sparnaðarkröfum sem uppi eru.

Í fyrsta lagi hefur lyfjaverðsnefnd unnið að lækkun lyfjaverðs. Hún hefur að undanförunu unnið að athugun á lyfjaverði og mun innan tíðar kynna breytingar á álagningu og verðlækkun á einstökum lyfjum.

Í öðru lagi verður tekið upp viðmiðunarverð lyfja með sambærileg klínísk meðferðaráhrif eða analog-viðmiðunarverð, frá og með 1. maí, í þremur kostnaðarsömum lyfjaflokkunum, þ.e. sýrubindandi lyf, blóðfitulækkandi lyf og þunglyndislyf. Tryggingastofnun ríkisins mun miða greiðslupátttöku sína við þessi viðmiðunarverð með svipuðum hætti og hún nú miðar við viðmiðunarverð samheitalyfja. Einar Magnússon, yfirlyfjafræðingur ráðuneytisins mun kynna þessa aðgerð nánar hér á eftir.

Í þriðja lagi gaf ég út reglugerð um greiðslupátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði í dag en gildistaka hennar er 1. maí n.k.

Breytingin hefur það í för með sér að hætt verður almennri greiðslupáttöku í Coxib lyfjum. Coxib er bólgueyðandi lyf en sala þess hefur farið fram úr öllu þótt á sama tíma hafi sala á öðrum bólgueyðandi lyfjum ekki minnkað.

Jafnframt munu örvandi lyf eins og rítalín og lyf sem efla heilastarfsemi verða tekin úr almennri greiðslupáttöku en þess í stað verður hægt eftir sem áður að sækja um greiðslupáttöku almannatryggina í þessum lyfjum út á lyfjaskírteini að gefnum ákveðnum forsendum. Vegna sérstöðu þessara lyfja þykir eðlilegt að fylgst sé náið með notkun þeirra og eins og þið kannski munið er ekki langt síðan að Landlæknir stýrði notkun þeirra með útgáfu þar til gerðra skírteina.

Með reglugerðinni verður einnig felld niður 30 daga takmörkun á ávísunum sýrubindandi lyfja og þunglyndislyfja. Með þessum hætti erum við að koma til móts við þá sem nota þessa tvo lyfjaflokka og má segja að þetta sé ívilnandi aðgerð á móti analog viðmiðunarverði sem tekið verður upp á þessum lyfjum eins og ég get um áðan.

Að lokum verður með reglugerðinni heimil, útá skírteini, greiðslupátttaka almannatrygginga í vítamínum vegna barna yngri en 18 ára með efnaskiptasjúkdóma þegar vítamínin eru hluti af lífsnauðsynlegri meðferð og vegna barna yngri en 18 ára með alvarlegan frásogsvanda sem leiðir til þess að þau þurfi mjög aukið magn vítamína.

En nú taka embættismenn við að útskýra nánar einstakar aðgerðir.

--
--

Að lokum vil ég nefna að ég mun á næstu vikum mæla fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lyfjalögum þar sem m.a. er gert ráð fyrir sameiningu tveggja nefnda, lyfjaverðsnefndar og greiðslupáttökunefndr, með það að markmiði að einfalda og styrkja stjórnsluna. Í frumvarpinu er einnig að finna ákvæði um heimild Lyfjastofnunar til útgáfu markaðsleyfis fyrir lyf sem ekki er sótt um markaðsleyfi fyrir en af lýðheilsuástæðum er talið þörf á að hafa á markaði héraðs.

Þær aðgerðir sem ég hef kynnt hér eru eins og áður sagði til þess að mæta sparnaðarkröfu fjárlaga upp á 450 milljónir króna. Í stað þess að hækka greiðslushlutfall sjúklinga um þessar 450 milljónir króna kusum við að fara

út í þessar samþættu aðgerðir sem eiga að stuðla að almennri lækkun lyfjaverðs og lægri lyfjareikningi landsmanna.

Ég er tilbúin til að svara spurningum og hér á eftir munu allir sem hér sitja vera tilbúnir í viðtöl ef þess verður óskað.

Ég þakka fyrir.